

Styrkingarmöguleikar burðarlags í vegum (áfangaskýrsla fyrir 2017) – mars 2018. Þorbjörg Sævarsdóttir og Bergþóra Kristinsdóttir, Efla, Jón Magnússon, Vegagerðin.

Í fyrri áfangaskýrslum fyrir þetta verkefni, hefur komið fram að skoðun á köflum sem hafa verið festir, ýmist með biki eða sementi, sýnir að festunin skilar auknum styrk, borið saman við óbundið burðarlag. Sementsfestun gefur stífari vegbyggingu, en bikfestun sveigjanlega. Sementefestun virðist gefa jafnari niðurstöður og bikfestun með bikþeytu gefur meiri stöðugleika í árangri, samanbórið við froðubik. Bent er á að taka þurfi tillit til þessara mismunandi eiginleika þegar aðferð til styrkinga er valin.

Í þessum áfanga (2017) voru staðhættir á mismunandi köflum auk nýrra kafla, skoðaðir nánar og upplýsinum um uppbyggingu og undirlag þeirra safnað. Þessar upplýsingar eru teknar saman í skýrslunni. Þá voru gerðar tilraunir með bakreikningu falllóðsmælinga til að reyna að greina hvar í uppbyggingunni veikleikar liggja. Forritið ELMOD var notað til þess, en það gat því miður ekki lesið inn eldri mælingar, þannig að ekki var unnt að greina hvar veikleikar lágu í uppbyggingunni fyrir festun. Niðurstöður bakreikninga sem gerðir voru, sýna greinilega meiri stífni í sementsbundnu burðarlagi borið saman við bikbundið, en stífni neðri laga var sambærilegt hvort sem vegurinn var sements- eða bikbundinn.

Áfram verður unnið að verkefninu árið 2018. En stefnt er að því að fylgjast áfram með þróun í endingu styrkinga, hagkvæmnisreikningar skoðaðir og hafist handa við að gera stutt leiðbeiningarit um val á festunaraðferðum og hvenær festun er álitlegur kostur við endurbætur vega. Í leiðbeiningarritinu verður leitast við að meta áhrif festunnar burðarlaga, auðvelda hönnuðum að meta kosti og galla hvernar aðferðar fyrir sig fyrir mismunandi aðstæður og meta hagkvæmni þeirra.